

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsbreytingu:

Breyting á deiliskipulagi Haga, Fagraland.

Í breytingunni felst að lóðin Fagraland í landi Haga er skipt í tvær lóðir, Fagraland 1 sem er þegar byggð lóð og verður 7,4 ha eftir skiptin og Fagraland 2 sem er ný 0,5 ha frístundalóð. Heimilt verður að reisa allt að 300 m² frístundahús auk 50 m² aukahúss. Hámarksnýtingarhlutfall lóða verður 0,03.

Samþykkt í sveitarstjórn 7. september 2010.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 11. janúar 2011.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.